

# Jólatré skreytt í Tröð á Hellissandi



Félagar í Skógræktar- og landverndarfélaginu undir Jökli gerðu sér ferð á dögunum í Tröð á Hellissandi og skreyttu þar tré. Í Tröð er alltaf mjög jólalegt um að litast á veturna enda mörg stór og falleg grenitré sem mynda skógin. Þegar frystir verður svæðið að einskonar vetrarríki og hafa íbú-

ar verið duglegir að sækja þangað með heitt kakó og kræsingar. Nú hefur Tröð fengið upplýtingu en eitt trjána er nú skreytt með marglitaðri jólaseríu. Foreldrar hafa síðan verið duglegir að sækja staðinn með börn sín enda mikið sjónarspil í myrkrinu.

JJ

## Skuggakosningar í FSN

Þriðjudaginn 19. nóvember mættu frambjóðendur stjórnmalaflokkanna í Fjölbrautaskóla Snæfellinga og kynntu stefnumál sín fyrir nemendum og starfsfólki. Eftir að frambjóðendur höfðu kynnt sig gafst nemendum færi á að spyrja spurninga. Var fundurinn mjög áhugaverður og jók hann áhuga nemenda á lýðræði og kosningunum. Þessa vikuna fóru einnig skuggakosningar fram í framhaldsskólum landsins, þar á meðal í FSN. Skuggakosningar eða skólakosningar eru settar upp eins og almennar kos-

ningar. Megintilgangur þeirra er að þjálfa þá nemendur sem ekki hafa náð kosningaaldri í að kjósa og undirbúa þá sem hafa aldur til að kjósa í fyrsta sinn. Jafnframt fær ungt fólk reynslu í að skipuleggja og framkvæma hið lýðræðislega ferli kosninga. Í skuggakosningum kjósa framhaldsskólanemendur sína fulltrúa á Alþingi og munu niðurstöðurnar endurspeglar vilja nemenda um allt land. Niðurstöður verða gerðar opinberar eftir að kjörstöðum lokar á kjördag alþingiskosninga, 30. nóvember. SJ

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

**Pétur Kristinsson hdl.**  
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

**VIDREISN** [vidreisn.is](https://vidreisn.is)

Lækkum þessa  
verðbólgu

# Teflt á ný í Snæfellsbæ

Æfingar Taflfélags Snæfellsbæjar eru nú byrjaðar aftur en fyrsta æfing vetrarins var 17. nóvember síðastliðinn. Sex mættu á síðustu æfingu og er aldurshópurinn breiður enda öll velkomin óháð aldri og kyni. Æfingarnar eiga sér stað á sunnudögum klukkan 20:00 í Átthagastofu Snæfellsbæjar en nánari upplýsingar má nálgast á Facebook síðu Taflfélags Snæfellsbæjar.

Iðkendur voru svo heppnir að fá óvæntan gest á síðustu æfingu félagsins en þáverandi vakthafandi heimilislæknir, Egill Steinar Ágústsson, mætti og tefldi við félagsmenn. Egill Steinar er hörku skákmaður enda með hæstu hækkun elon stiga á landinu í fyrra. Sigurður Scheving vann fyrsta mótið með hreint borð en Egill Steinar tók seinna mótið einnig með hreint borð. Gamnan er að sjá hversu margir hafa áhuga á skák í sveitarfélaginu enda skemmtileg og krefjandi íþrótt fyrir alla aldurshópa.



Á myndinni sem Siggí Scheving tók má sjá Rafn Guðlaugsson og Egil Steinar þegar leikar stóðu sem hæst.

JJ

## Styrktu Rauðakrossinn

## Sædís er tvöfaldur meistari

Sædís Rún Heiðarsdóttir og liðsfélagar hennar í Vålrenga urðu norskir bikarmeistarar í fótbolta 24. nóvember síðastliðinn. Unnu þær 1-0 sigur á Rosenborg, Sædís var í byrjunaliði Vålrenga og lék allan leikinn. Eftir leikinn tóku við mikil fagnaðarlæti, réttilega eftir að hafa landað norska bikarmeistara titlinum. Sædís varð Noregsmeistari í haust ásamt liði sínu og eru einnig að keppa í Meistaradeild Evrópu um þessar mundir. Vålrenga varð fyrsta liðið í riðlakeppninni til að taka stig gegn Bayern og mæta þær næst Arsenal þann 12. desember og Juventus 18. desember.

SJ



Fjórar hressar stelpur komu færandi hendi og gáfu rúmar 3.000 krónur til Snæfellsbæjardeildar RKÍ. Stelpurnar höfðu undirbúið hlutaveltu og þannig safnað ágóðanum. Snæfellsbæjardeild RKÍ þakkar þessum dug-

legu stelpum fyrir sitt framlag. Á myndinni eru Arney Hrund Þiðriksdóttir, Harpa Karen Orradóttir, Kristel Marín Gylfadóttir og Úlfhildur Ísafold Styrmsdóttir.

JJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Samfylkingin



# Nýtt upphaf

- **Neglum niður vextina**  
með því að hætta að reka ríkið á yfirdrætti
- **Stöndum með ungu fólki og fjölskyldum**  
með bráðaaðgerðum á húsnæðismarkaði
- **Tryggjum öruggar tekjur alla ævi**  
með því að hækka lífeyri TR í takt við laun
- **Fastur heimilislæknir sem þekkir þig**  
og örugg heilbrigðisþjónusta óháð búsetu
- **Hlúum að fólkinu sem byggði landið**  
með þjóðarátaki í umönnun eldra fólks
- **Tvöföldum fjárfestingu í samgöngum**  
með tekjum frá auðlindum og aukinni verðmætasköpun

Kíktu á viðrummeðplan.is  
eða skannaðu kóðann



# Umferðaraukning á Snæfellsnesi

Fram kemur á Facebook síðu Snæfellsbæjar að gífurleg aukning umferðar hafi verið á Snæfellsnesi á undanförmum áratug. Í tilkynningunni kemur fram að samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar hafi umferð aukist um allt að 246% við Hraunsmúla í Staðar sveit síðustu 10 árin, frá 2013 til 2023. Við Hraunsmúla er Vegagerðin með umferðarteljara þar sem sjá má að árið 2013 var meðalumferð á sólarhring yfir 308 bílar. Árið 2023 var meðalumferð á sama stað 743 bílar á sólarhring, eða sem nemur 241% aukningu. Yfir sumartímann hefur bílum fjölgað að meðaltali úr 585 bílum í 1.248 bíla á sama tímabili, eða sem nemur 213% aukningu.

Yfir vetrartímann hefur umferð aukist um 246%, eða úr 131 bílum á sólarhring í 322 bíla.



Svipaða sögu má segja frá mælingum við Hafursfell í Eyja- og Miklaholtshreppi. Þar hefur umferð aukist um 195% á undanförmum áratug. Þar af hefur meðalumferð yfir sumartímann þýngst um 1.027 bíla að meðaltali á sólarhring. Árið 2013 var meðalumferð yfir sumartímann 1.099 bílar, en árið 2023 voru þeir 2.126. Vetrarumferð samkvæmt þeim teljara hefur aukist um 169% og meðalumferð þegar horft er á árið í heild hefur aukist um 669 bíla á sólarhring að meðaltali.

Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum hefur umferð vaxið ár

lega frá 2013 ef frá er talinn samdráttur í kjölfar heimsfaraldurs, og hefur umferð nú þegar náð þeim umferðarþunga sem mest

lét og ekki annað að sjá en að umferðin haldi áfram að þýngjast á næstu árum.

SJ



## Skilafrestur í Jökul

Efni og auglýsingum í Jökul þarf að skila fyrir kl. 16, þriðjudag fyrir útgáfu.

Það er í lagi að skila fyrr.

Upplýsingar um auglýsingaverð á [www.steinprent.is](http://www.steinprent.is)



436 1617 - steinprent@simnet.is - steinprent.is



Bifreiðaverkstæði /Egis.  
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

## Aðventukvöld

Aðventukvöld verður haldið  
sunnudaginn 1. desember 2024  
kl 20:00 í Ólafsvíkirkirkju.

Á dagskrá verður m.a.  
jóláminningar frá Póllandi, jólasaga,  
hugvekja og söngur barnakórs.  
Veitingar að lokinni dagskrá.

Hefjum aðventuna  
með notalegri stund í kirkjunni.

Kvenfélag Ólafsvíkur





# Ég þarf á þínum stuðningi að halda!

ÓVERÐTRYGGÐ LÁN  
Á FÖSTUM VÖXTUM  
TIL LANGS TÍMA

MINNA ESB -  
MEIRI FRAMSÓKN

18 MÁNAÐA  
FÆÐINGARORLOF

Framsókn stendur  
með landsbyggðinni!


**xB**

framtíðin ræðst á miðjunni!  
framtíðin ræðst á miðjunni!

[xb.is](http://xb.is)

# Fyrirlestur um sjúka ást

Soroptimistar um allan heim hafa tekið höndum saman við að vekja athygli á kynbundnu ofbeldi síðastliðin 15 ár og leiðum til að koma í veg fyrir það. Viðfangsefnið er stórt og mikilvægt að samfélög hjálpist að við að breyta því sem þarf að breyta. Sameinuðu þjóðirnar hafa valið 25. nóvember sem dag vitundarvakningar um útrýmingu kynbundins ofbeldis og markar hann jafnframt upphaf 16 daga átaks gegn því. Þessu sérstaka átaki lýkur á mannréttindadegi Sameinuðu þjóðanna, 10. desember, sem jafnframt er alþjóðlegur dagur Soroptimista. Átakið gengur undir slagorðinu Röðagylfum heiminn og er appelsínugulur litur tákn þess. Í tilefni átaksins í ár bauð Soroptimistaklúbbur Snæfellsness öllum félögum og klúbbum í Snæfellsbæ á fyrirlestur í Röst á Hellissandi mánudagskvöldið 25. nóvember s.l. Fyrirlesturinn bar heitið Sjúk ást og kynnir verkefni á vegum Stígamóta um ofbeldi í nánum samböndum. Verkefninu er ætlað að vera forvörn gegn ofbeldi með því að fræða um mörk, samþykki og heilbrigð sambönd. Sigurbjörg Jóhannesdóttir flutti fyrirlesturinn sem er upphaflega sniðinn að ungmennum en þetta er hins vegar efni sem á erindi til allra og þarft að opna umræðuna. Á fjórða tug kvenna mættu á fyrirlesturinn og sköpuðust líflegar umræður eftir hann um það hvernig hægt er að koma í veg fyrir ofbeldismenningu og hvaða bjargar eru í boði, bæði fyrir þolendur og gendur. Á meðan á átakanu stendur mun Sigurbjörg einnig fara inn í efstu bekk í Grunnskóla Snæfellsbæjar og kynna verkefnið Sjúk Ást,



eins og s.l. ár, á vegum Soroptimistaklúbbs Snæfellsness. Meðfylgjandi mynd er tekin á fyrirlestrinum í Röstinni en á henni sést í glæru með upplýsingum um bjargráð sem einstaklingar geta nýtt sér ef þau hafa orðið fyrir ofbeldi eða ef einhver í kringum þau verða fyrir ofbeldi. Þar er talið upp:

- Sjúktspjall, nafnlaust spjall fyrir ungmenni yngri en 20 ára, [www.sjukast.is](http://www.sjukast.is).
- Stígamót, ókeypis ráðgjöf fyrir brotþola kynferðisofbeldis sem eru 18 ára eða eldri.
- Bergið headspace, stuðnings- og ráðgjafasetur fyrir ungt fólk upp að 25 ára aldri.
- Taktu skrefið, úrræði fyrir fólk eldra en 16 ára sem hefur áhyggjur af kynferðislegri hegðun sinni eða hefur beitt kynferðisofbeldi.
- Heimilisfriður, meðferðar- og þekkingarmiðstöð um ofbeldi í nánum samböndum
- [www.112.is](http://www.112.is)

SJ

## Verkföll



Kennarasambands Íslands er nú í verkfalli, verkföllin hófust í nokkrum leikskólum, tónlistarskólum, framhaldsskólum og einum tónlistarskóla þann 29. október. Félagsmenn Kennarasambands Íslands hafa á þessari stundu samþykkt aðgerðir í 27 skólum, sumum þeirra er lokið, önnur eru að hefjast og enn önnur eru boðuð í desember og janúar. Á meðal þeirra tíu leikskóla sem hefur verið boðað verkfall í frá og með 10. desember eru Leikskólar Snæfellsbæjar. Kennarar í öllum tíu leikskólunum samþykku verkfallið með nánast öllum greiddum atkvæðum, kjörsókn var á bilinu 94-100%. Kjarasamningar kennarafélaga og sveitarfélaga




runnu út í lok maí á þessu ári og kallar Kennarasamband Íslands eftir því að menntun og ábyrgð sé metin til launa til jafns við aðra háskólamenntaða sérfræðinga. Kennarar hafa kallað eftir endurbótum og meiri fjármunum til menntakerfisins og vilja tryggja að kennarar fái viðunandi greiðslur og betri starfskilyrði. Verkfallið hefur vakið mikla athygli í þjóðfélaginu og hefur einnig haft áhrif á foreldra og nemendur, þar sem það truflar almennt skólastarf. Komi til verkfallsaðgerða í Leikskólum Snæfellsbæjar, ef samningar nást ekki fyrir þann tíma, er um ótímabundin verkföll er að ræða.

SJ



**Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

 Jökull Bæjarblað  
 [steinprent@simnet.is](mailto:steinprent@simnet.is)  
 436 1617

VERUM  
VINSTRA  
MEGIN



- **Aukum virði kvennastarfa og útrýmum launamun kynjanna**
- **Íbúðarhúsnæði fyrir fólk**  
– ekki fjárfesta
- **Borgin er ekkert án bænda!**
- **Eflum almannaþjónustu óháð búsetu og efnahag**
- **Aukum gagnsæi í sjávarútvegi**
- **Bætum almenningssamgöngur og tryggjum orkuöryggi**



meira á [vg.is](http://vg.is)

# Bókaveisla grunnskólans



Árleg bókaveisla Grunnskóla Snæfellsbæjar fór fram í félagsheimilinu Klifi þann 26. nóvember síðastliðinn. Það er hefð fyrir því að nemendur í 10. bekk skólans haldi slíka bókaveislu í

aðdraganda jólanna. Þá er rithöfundum boðið vestur og lesa þau upp úr verkum sínum fyrir gesti og árita bækur. Nemendur 10. bekkjar kynntu höfundana og voru þau sér til mikils sóma. Í

ár voru það Elísabet Kristín Jökulsdóttir, Gunnar Helgason, Halldór Armand, Maro Alheimsdóttir Malgorzata Nowak og Sunna Dís Másdóttir sem lásu upp úr verkum sínum. Vel var mætt enda

á jólabókaflóðið sérstakan sess hjá íslendingum. Boðið var upp á kaffi og konfekt á meðan gestir hlýddu á upplestur rithöfundanna og áttu notalega kvöldstund.

SJ

## SKODA SUPERB STYLE - TIL SÖLU



Verð 4.490.000,-  
Upplýsingar í síma 893 5443

- Nýskráður 02/2020
- Ekinn 123.000
- Næsta skoðun 2026
- Dísel - 191 hestafli
- Fjór hjóladrífinn
- Leður

- Rough road pakki
- (hækkaður um 15mm og aukin vörn á undirvagni)
- Sjálfskipting 7 girar
- Niðurfellanlegt dráttarbeiðsi
- Adaptive cruise control

- LED aðalljós
- Sjálfvirk há/lág aðalljós
- Rafdrifið lok farangursrýmis
- Rafdrifin framsæti með hita
- Lykillaus aðgengi
- Lykillaus ræsing

- Fjarlægðarskynjarar aftan og framan
- Bakkmyndavél
- ISOFIX festingar í aftursætum
- og margt fleira





# Lækkum þessa verðbólgu

Breytum þessu

**María Rut Kristinsdóttir**  
1. sæti



# Ungverskir tónleikar í Ólafsvíkirkirkju



Þann 4. nóvember síðastliðinn hélt ungverski kórinn Voces Angelicae Vocal Ensemble tónleika í Ólafsvíkirkirkju. Kórinn hóf

heimsókn sína til Íslands á tónleikum í Landakotskirkju í Reykjavík, færði sig svo í Stykkishólmskirkju og endaði tónleikaröðina

í Ólafsvík. Kórinn samanstendur af 10 ungmennum og syngja þau saman undir stjórn Soma Dinyés. Mikil ánægja var með tónleikana

og góður rómur gerður að hljóðm ungmennana.

*SJ*

## Jóla ljós tendruð á sunnudag

Eins og fram kemur í auglýsingu annarstaðar í blaðinu þá verða jóla ljós tendruð á jólatrjám í Snæfellsbæ næstkomandi sunnudag 1. september.

Að þessu sinni verður nýr háttur hafður á tendrun jóla ljósa á jólatrjám í Snæfellsbæ. Skipulagður hefur verið einn stærri jóla- og aðventuviðburður þar sem fjölskyldur sameinast um að tendra jóla ljós og dansa í kringum jólatréð í Ólafsvík.

Á næsta ári verður viðburðurinn haldinn á Hellissandi.

Búið er að skipuleggja dagskrá við tréð og nokkuð öruggt að jólasveinar láti sjá sig, að auki verður jólalegt í pakkhúsinu og hægt að fá sér ristaðar möndlur og heitt súkkulaði á Skeri og sjálf-sagt víðar.

Meðfylgjandi mynd var tekin af jólatrénu í Ólafsvík eftir að búið var að hengja jólaserúrnar á það og allt orðið klárt fyrir tendrun.



# Gólatónleikar

menningarnefndar Snæfellsbæjar

## Flytjendur:

Sigríður Þorlacius

Rakel Sigurðardóttir

Ómar Guðjónsson

Ásgeir Aðalsteinsson

ásamt skólakór Snæfellsbæjar

sem tekur tvö lög með hljómsveitinni

Miðasala í Ráðhúsi  
& við hurð!

Ólafsvíkirkirkja

28. nóvember kl. 20:00

Miðaverð kr. 4.000.



# Silfurleikar ÍR

Silfurleikar ÍR voru haldnir laugardaginn 16. nóvember í Laugardalshöll en það árlegt frjálsíþróttamót félagsins og eitt stærsta mótið á Íslandi fyrir iðkendum á aldrinum 5 til 17 ára. HSH átti 24 öfluga fulltrúa á mótinu á aldrinum 7 til 12 ára sem kepptu í Laugardalshöll. HSH samanstendur af iðkendum af öllu Snæfellsnesi og er öflugri frjálsíþróttadeild haldið úti á öllum stöðum, þjálfararnir sem halda utan um starfið og mættu með iðkendunum á mótið um helgina eru þær Ingunn Ýr Angantýsdóttir frá Snæfellsbæ, Kristín Halla Haralds-

dóttir frá Grundarfirði og Björg Gunnarsdóttir frá Stykkishólmi. 9 ára og yngri kepptu í fjölþraut barna þar sem börnin fara í hópum í gegnum þrautabraut sem samanstendur af 6 þrautum, 10 til 11 ára kepptu í fjórþraut, það er 60 metra hlaupi, 600 metra hlaupi, langstökki og kúluvarpi og 12 ára kepptu í fimmþraut, 60 metra hlaupi, þristökki, kúluvarpi, hástökki og 600 metra hlaupi. Iðkendum HSH lögðu sig öll fram, stóðu sig virkilega vel á mótinu og voru sér og liði sínu til mikils sóma.

SJ



## Tísta er ein af topp 10 framúrskarandi



Kristfríður Rós Stefánsdóttir, Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Snæfellsbæjar og eigandi crossfitstöðvarinnar CF-SNB, hefur verið valin í hóp topp 10 framúrskar-

andi ungra Íslendinga ársins 2024. Verðlaunin eru alþjóðlegt verkefni á vegum JCI (Junior Chamber International) sem er alþjóðleg hreyfing fyrir ungt fólk á aldrinum 18-40 ára sem hefur áhuga og metnað til að efla hæfileika sína og hafa jákvæð áhrif í kringum sig. Verðlaunin eru bæði hvatning fyrir þessa framúrskarandi einstaklinga til áframhaldandi starfa og á sama tíma innblástur og hvatning til okkar allra að leggja okkar af mörkum til að byggja betra samfélag. Í kringum 200 tilnefningar bárust í ár og

var dómnefndin skipuð af Eliza Reid rithöfundu og fyrrum forsetafrú, Freyju Steingrímsdóttur, framkvæmdastjóra Bláamannafélags Íslands, Anítu Sóley Scheving Þórðardóttur, framúrskarandi ungum Íslending 2023 og nema, Kjartani Hansson, senator í JCI og hagfræðingi hjá Seðlabanka Íslands og Ölmú Dögg Sigurvinsdóttur, Landsforseta JCI Íslands 2024. Dómnefndin fékk það erfiða verkefni að velja þau 10 efnilegustu af þeim 200 tilnefningum sem bárust og var Kristfríður ein af þeim. Á meðal þeirra sem hafa

hlotið þessi verðlaun eru til að mynda Elvis Presley, Bruce Lee, Bill Clinton, Katrín Jakobsdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir og Emilíana Torrini ásamt fjöldanum öllum af ungu og efnilegu fólki. Einn af þessum 10 einstaklingum sem komust í lokaúrtakið verður svo valin sem Framúrskarandi Ungur Íslendingur árið 2024 á verðlaunaafhendingu sem haldin verður 4. desember í Höfuðstöðinni, Elliðaárdal.

SJ



# Auglýsing um kjörfundi

Auglýsing um kjörfundi í Snæfellsbæ vegna kosninga til Alþingis laugardaginn 30. nóvember 2024.

## Ólafsvíkurkjördeild

Kjörfundur verður haldinn í húsnæði Grunnskólans í Ólafsvík.

Kosning hefst **kl. 10:00** og stendur til **kl. 22:00**.

## Hellissands- og Rifskjördeild

Kjörfundur verður haldinn í húsnæði Grunnskólans á Hellissandi.

Kosning hefst **kl. 10:00** og stendur til **kl. 22:00**.

## Staðarsveitar- og Breiðuvíkurkjördeild

Kjörfundur verður haldinn í húsnæði Grunnskólans á Lýsuhóli.

Kosning hefst **kl. 11:00** og stendur til **kl. 20:00**.

Munið eftir persónuskilríkjum,  
yfirkjörstjórn Snæfellsbæjar



# Nýtt upphaf - í þjónustu við þjóðina



Við í Samfylkingunni óskum eftir þínum stuðningi til að leiða breytingar sem nauðsynlegar eru fyrir Ísland. Við höfum átt í innihaldsríku samtali við þjóðina síðastliðin tvö ár og því ætlum við að halda áfram. Það að vera í þjónustu við þjóðina þýðir að hlusta og rækta samband við fólkið í landinu. Það höfum við gert og ætlum að gera áfram. Þetta samtali er grunnurinn að stefnu Samfylkingarinnar fyrir þessar kosningar sem birtist í **Planinu**, þremur útfærðum tillögum í efnahagsmálum, velferðarmálum og atvinnu- og innviðamálum.

Samfylkingin er búinn að vinna heimavinnuna og getur strax brett upp ermar og komið stefnumálum sínum í framkvæmd.

Það sem við ætlum að gera:

- Negla niður vextina og hætta að reka ríkissjóð á yfirdrætti. Það gengur ekki að fólk sé að borga himinháa vexti af lánunum sínum, komist ekki út á húsnæðismarkaðinn, að ekki sé talað um áhrifin á framboð húsnæðis. Vaxtabyrðin hefur gríðarleg áhrif á rekstur sveitarfélaga. Við verðum að lækka kostnað heimila og fyrirtækja.
- Laga heilbrigðiskerfið. Fastur heimilislæknir sem þekkir þig og heilbrigðisþjónusta óháð búsetu eru meginstefið ásamt þjóðaráttaki í umönnun eldra fólks. Eldra fólk á það skilið.
- Styrkja stoðir atvinnulífs um allt land. Sterkir innviðir eru forsenda kraftmikils atvinnulífs. Það þarf að tvöfalda fjárfestingu til samgönguinnviða og auka raforkuframleiðslu.

Viljum við nýtt upphaf eða meira af því sama? Lykillinn að því að ná fram breytingum er að kjósa Samfylkinguna og veita henni sterkt umboð til að leiða þessar breytingar með Krístrúnu Frostadóttur í broddi fylkingar.

Arnar Lára Jónsdóttir  
Oddviti Samfylkingarinnar í  
Norðvesturkjördæmi

# Vald dansks kóngrs og trú þjóðarinnar



Það er mikill munur á kristnitöku árið 1000 og innleiðingu Lúthers trúar á 16 öld. Í raun er um algerar andstæður að ræða. Rómversk kaþólsk trú var lögleidd á friðsamlegan hátt. Sá atburður er að mörgu leyti einstakur í sögu Norðurlanda og Evrópu. Kristni hafði víða fest rætur á landinu. Margir landnámsmenn voru kristnir. Írskar konur sem hingað komu í fylgd landnámsmanna voru líklega kristnar. Það er því margt sem skýrir þetta friðsamlega sögulega ferli, Kaþólsk menning miðalda er blómaskeið í sögu þjóðarinnar. Þáttur klaustranna er stór og mikill. Klastrin voru menningarmiðstöðvar. Þar var líka stundaður búskapur. Sjúkir menn áttu þar öruggt skjól. Það var öðru fremur mikil mildi sem einkenndi það tímabil, þetta blómaskeið í sögu þjóðarinnar. Prestar tóku sér fylg-

iskonur og oft var agi í klastrum ekki ykja mikill. Biskupar voru um leið veraldlegir höfðingjar. Þeir höfðu því afar mikil völd.

Allt önnur önnur mynd blasir við þegar innleiðing Lúthers trúar er skoðuð. Hún einkennist mikið af mikilli valdbeitingu dansks kóngrs. Sú saga hefur verið rakin marg oft í sögubókum. Vorið 1551 sendi danski kóngrinn 4 herskip til landsins. Jón biskup Arason barðist hetjulega gegn valdatöku erlendis valds. Hann leiddi baráttu þjóðarinnar. Langstærsti hluti þjóðarinnar bændur. Með nýrri kirkjuskipan varð kóngrinn æðsti yfirmaður allra kirkjumála. Hann eyðilagði klastr landsins. Sölsaði undir sig eignir þeirra. Hann flutti mikð fjármagn frá landinu. Hann tók til sín jarðir kirkjunnar. Sumt gaf hann sjálfum sér en annað kirkju sinni. Sem hann stjórnaði sjálfur. Með ofbeldi náði hann öllum völdum í landinu. Jón Arason og synir hans teknir af lífi. Án dóms og laga. Jón Arason lét lífið sem píslarvottur. Við tók mikil niðurlægingar tímabil í sögu þjóðarinnar.

Ólafur Sveinsson, 21.11. 2024.  
Hrafn Arnarson

## Strandveiðar: Réttlæti og sjálfbærar veiðar í boði VG



Án aðkomu Vinstri grænna hefði strandveidikerfið í sinni núverandi mynd ekki orðið að veruleika. Þetta er því mikilvægur þáttur í sögu flokksins, þar sem réttlæti, sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð voru sett í forgrunn við nýtingu sjávarútvegsauðlindarinnar. Við höfum síðan þá stutt

við þróun kerfisins og unnið stöðugt að því að tryggja að strandveiðar verði áfram hluti af íslenskum sjávarútvegi.

Aðeins á okkar vakt hefur strandveidikerfið vaxið. Þar hafa margir þingmenn og ráðherrar lagt hönd á plóg, nú síðast Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir fyrrv. Matvælaráðherra þegar hún bætti 2000 tonnum við strandveidipottinn síðastliðið sumar.

Við trúum við að strandveiðar séu hornsteinn útgerðar í smærri sjávarbyggðum á Íslandi og lykilstærri sjávarbyggðum á landsbyggðinni. Þær skapa bæði störf og tækifæri fyrir einstaklinga og fjölskyldur þeirra.

Með því að koma á strandveið-

um höfum við í VG glætt lífi hafnir í sjávarbyggðum með auknu framboði á atvinnu. Við höfum stuðlað að því að fjölbreyttur hópur fólks, nýliðar og smábátaútgærðir hafa fengið tækifæri til að stunda veiðar og nýta sameiginlega auðlind þjóðarinnar. Með strandveiðum höfum við tryggt að minni útgerðir fái aðgang að fiskimiðunum, sem jafnar leikinn á milli smábátaútgærða og stærri, samþjappaðra kvótaeigenda. Þetta jafnvægi er nauðsynlegt fyrir byggðafestu út um allt land enda gjalda mörg sjávarþorp ennþá fyrir að .

Strandveiðar auka verðmæta-sköpun um land allt. Veiðarnar tryggja framboð af ferskum og góðum fiski þegar lítið er um veiðar yfir hásumarið. Án strand-

veiðisjómannanna yrðu ferðamenn að borða uppþýddan rússafisk á sumrin, en fá þess í stað að njóta þeirrar afburða vöru sem er íslenski fiskurinn.

Þrátt fyrir mikilvægi strandveiða standa þær frammi fyrir áskorunum. Breytingar í fiskveiðistjórnunarkerfinu hafa stundum skapað óvissu fyrir smábátaeigendur, og stórutgerðin hefur þrýst á um breytingar sem gætu dregið úr aðgengi smábátaútgærða að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Við í VG munum hér eftir sem hingað til standa vörð um strandveiðar og munum halda áfram að efla þær eins og við ein höfum gert!

Bjarki Hjörleifsson, 2. Sæti á lista VG í Norðvesturkjördæmi



**FYRIR BLÓMLEGA BYGGÐ  
OG HÁTÍÐ Á ÖLLUM HEIMILUM**

*Kjósnum með hjartanu*

Kynntu þér  
stefnu okkar og  
framτίðarsýn



**SÓSÍALISTAFLOKKUR ÍSLANDS**



# Niðurgreiðum raforku til grænmetisræktar



Ísland er eyja í norður Atlantshafi. Sú staðsetning gerir það að verkum að þegar kemur að grænmeti þá höfum við tvo valkosti í boði. Við getum annaðhvort flutt það inn með skipum eða flugi, og borgað mikla álagningu fyrir vöru sem er ekki ferska, eða nýtt okkar grænu orku og hreina vatn til að rækta fyrsta flokks grænmeti á Íslandi.

Í dag eru til staðar samningar um niðurgreiðslu raforkukostnaðar við gróðurhúsarækt, en þeir samningar duga ekki til að niðurgreiða nema hluta af þeim kostnaði sem gróðurhúsabændur verða fyrir vegna lýsingar og hitunar gróðurhúsa.

Við í Flokki fólksins höfum lengi barist fyrir því að gróðurhúsabændur fái raforku-, hita- og flutningskostnað niðurgreiddan, svo að þeirra framleiðsla verði öflugri og neytendum

þjóðist fyrsta flokks grænmeti á sanngjörnu verði. Jafnvel mætti hugsa sér að Ísland gæti einn daginn orðið útflutningsþjóð grænmetis ef við styðjum við gróðurhúsarækt með þessum hætti.

Því miður er staðan þannig í dag að gróðurhúsin okkar greiða meira fyrir sína orku en álverin. Þetta teljum við í Flokki fólksins í hrópandi ósámræmi við hagsmuni þjóðarinnar. Nýverið bárust fréttir af því að grænmeti gæti hækkað um 12% næstu áramót þar sem orkukostnaðurinn mun hækka um fjórðung. Þetta er sökum orkuskortarsins sem fráfarandi ríkisstjórn algjörlega mistókst að koma í veg fyrir.

Ef Flokkur fólksins kemst í ríkisstjórn þá viljum við tryggja að hér verði hægt að rækta grænmeti í gróðurhúsum með okkar grænni orku og að neytendur fái að kaupa íslenskt grænmeti á góðu verði. Við viljum að gróðurhúsin fái niðurgreidda raforku og við viljum að orkan fari til þeirra en ekki til gagnavera og rafmyntagrafrar.

Forgangsröðum fyrir fólkið fyrst!

*Eyjólfur Ármannsson,  
oddviti Flokks fólksins  
í Norðvesturkjördæmi*

## Seldu dagatöl og happdrættismiða

Lionsklúbbur Ólafsvíkur mun halda jólahappdrætti í ár eins og fyrri ár, dregið verður í Klifi á aðfangadag. Síðastliðinn sunnudag gengu lionsfélagar í hús og buðu bæjarbúum að kaupa happdrættismiða og súkkulaðidagatöl, þar sem fólk kom til dyra var þeim einnig boðin rafhlaða í reykskynjara en það var gert í samtarfi við Sjóvá.

Fyrir þá sem ekki voru heima verður hægt að nálgast dagatöl in í Kassanum og happdrættismiðarnir munu fara í sölu um helgina, þeir verða seldir í Kassanum, Hampiðjubúðinni og Hrund.

Meðfylgjandi mynd var tekin þegar verið var að fara að draga í happdrættinu í Klifi um síðustu jól.



# Vilt þú breytingu á stjórn landsins ?



og sérfræðinga hringinn í kringum landið. Planið okkar er plan til að vinna eftir næstu tvö tímabil hið minnsta.

**Frambjóðendur** okkar er með reynslu úr ýmsum starfsgreinum og sína sérfræðilækkingu sem mun nýtast við að þá vinnu sem þarf að fara í og breyta stjórn landsins. Þeir frambjóðendur Samfylkingarinnar sem munu setjast á þing verða tilbúinir í að gera breytingar.

**Verkstjórnin** okkar Krístrún Frostadóttir hefur sýnt það að hún er sterkur leiðtogi sem þorir að gera breytingar. Hún kann að leiða saman ólík sjónarmið til að ná settu marki. Krístrún er óhrædd við að fara nýjar leiðir til að ná árangri. Góður verkstjóri er góður hlustandi, með puttann á pulsinum.

Ég gef kost á mér til Alþingis því ég tel að við sem þjóð þurfum nauðsynlega breytingu við stjórn landsins, nýja og ferska breidd við störf þingsins, og nýjan verkstjóra til að stýra ríkisstjórn Íslands.

Samfylkingin býður upp á plan, breiðan hóp frambjóðenda, öflugan verkstjóra og umfram allt nýtt upp-haf fyrir Ísland.

Ef þú vilt breytingar við stjórn landsins og nýjan verkstjóra til að leið þjóðina áfram þá hvet ég þig til að setja X við S á laugardaginn.

*Hannes S. Jónsson  
Hannes skipar 2. sætið á  
framboðslista Samfylkingarinnar í  
Norðvestur kjördæmi fyrir Alþingis-  
kosningarnar á laugardaginn næsta.*

Á laugardaginn kjósum við okkur sextíu og þrjá einstaklinga til að setjast á Alþingi næstu fjögur árin, nýja forystu fyrir landið okkar.

Stóra spurningin sem hvert og eitt okkar þarf að spyrja sig að, viljum við breytingar við stjórn landsins eða viljum við óbreytt ástand.

Ég er einn þeirra einstaklinga sem er í framboði og vonast eftir að ná kjöri sem þingmaður. Stóra ástæðan að ég ákvað að gefa kost á mér í þessum kosningum er að ég hef heyrt í kringum mig undanfarin ár að margir landsmenn eru að kalla eftir breytingum, vilja fá nýtt fólk inn á þing og nýja ríkisstjórn.

Samfylkingin kemur vel undirbúin til leiks fyrir þessar kosningar með plan sem unnið hefur verið undanfarin tvö ár, nýtt fólk í bland við reynslubolta og svo verkstjórnann sem er tilbúin að leiða nýja ríkisstjórn á komandi kjörtímabili og lengur.

**Planið** hjá okkur eru ekki bara einhver kosningaloforð sem sett eru fram örfáum vikum eða dögum fyrir kosningar. Planið okkar hefur verið í vinnslu undanfarin tvö ár í samráði við fjölda einstaklinga



Sími: 430 3700  
www.fmis.is







# Tendrun ljósa á jólatrjám

Allir bæjarbúar eru velkomnir að eiga notalega stund í Ólafsvík kl. 16:00 sunnudaginn 1. desember, fyrsta sunnudag í aðventu.

Að þessu sinni verður nýr háttur hafður á tendrun jólaljósa á jólatrjám í Snæfellsbæ. Skipulagður hefur verið einn stærri jóla- og aðventuviðburður þar sem fjölskyldur sameinast um að tendra jólaljósir og dansa í kringum jólatréð í Ólafsvík. Á næsta ári verður viðburðurinn haldinn á Hellissandi.

Menningarnefnd Snæfellsbæjar klæðir Pakkhúsið í jólabúning, Lilja á Sker Restaurant selur rjúkandi heitt kakó og ljúffengar ristaðar möndlur, Jón Haukur syngur jólalög og bræðurnir rauðklæddu dansa í kringum jólatréð og útdeila góðgæti fyrir yngri kynslóðina.

Verið velkomin í huggulega fjölskyldu- og aðventustund í aðdraganda jóla.



# Lögum grunninn



Samfylkingin hélt 40 opna fundi með almenningi um land allt þar sem fjallað var um heilbrigðismál og annað eins með sérfræðingum og starfsfólki í greininni. Þessi vinna liggur til grundvallar plagginu Öruggu skref í heilbrigðismálum þar sem sett eru fram þjóðarmarkmið til að bæta kerfið. Lausnirnar felast fyrst og fremst í því að laga grunninn í kerfinu.

Eitt grundvallarmál sem blasir við í dreifðum byggðum landsins, m.a. í Norðvesturkjördæmi er viðvarandi skortur á læknum og öðru fagfólki í heilbrigðisvísindum.

## Bregðumst strax við

Við þessu vandamáli er hægt að bregðast strax með því að skapa hvata til fastráðninga við heilbrigðisstofnanir á svæðum þar sem skortur á heilbrigðisstarfsfólki er viðvarandi. Þetta má gera með skattaávilnunum, en heimild er nú þegar fyrir því í lögum, og með niðurfellingu námslána.

## Fjölga þar lækna- nemum úr 60 í 90

Vissir þú lesandi góður að 75% nýnema í læknanámi Háskóla Íslands koma úr þremur framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og aðeins 5% úr skólum utan stórhöfuðborgarsvæðisins?

Við vitum að fólk sem elst upp

utan höfuðborgarsvæðisins er líklegri til að flytja út á land að loknu námi. Þess vegna er mikilvægt að hluti nýrra námsplássna við læknanám í HÍ verði tekið frá fyrir fjölbreyttari inntökuleiðum. Til dæmis verði litið til tengsla við svæði þar sem læknskortur er viðvarandi ef inntökuskilyrði eru uppfyllt.

## Heimilislæknir fyrir alla landsmenn

Samfylkingin leggur áherslu á að við byrjum á því að laga grunn heilbrigðiskerfisins. Lykilatriði er að allir Íslendingar hafi heimilislækni. Í Noregi hafa 95% allra íbúa heimilislækni, hér á landi er hlutfallið 50%. Eigum við að setta okkur við það?

## Bætt aðgengi að sérfræðilæknum

Aukinn samþjöppun og sérhæfing í heilbrigðiskerfinu hefur skilað margvíslegum góðum árangri, lífslíkur alvarlegra sjúkdóma eru betri en áður og batahorfur almennt mun meiri en þekktist fyrir fáum áratugum. Samhliða þessum framförum hefur skapast ákveðið ójafnræði þar sem aðgengi fólks að sérfræðipjónustu innan heilbrigðiskerfisins er verra í dreifðum byggðum. Þetta þarf að laga.

Aukinn kraftur verður settur í styrkingu sjúkraflutninga og niðurgreiðslu ferðakostnaðar til að taka á þessu. Greiðsluþátttöku hins opinbera þarf að uppfæra þegar heilbrigðisþjónusta er sótt um langan veg. Taka þarf tekjutap fjölskyldna með í reikninginn þetta skiptir sérstaklega miklu máli fyrir fjölskyldur langveikra barna. Þá er afar mikilvægt að breyta reglum þannig að greiðsluþátttökan nái einnig til fyrirbyggjandi meðferða sem þarf að sækja utan síns heimasvæðis.

Að lokum er mikilvægt að tryggja Sjúkratryggingum Íslands bolmagn til að markmið um jafnt aðgengi náist. Í næstu samningum við sérgreina-lækna verður að leggja megináhersla á jafnara aðgengi um land allt. Þjónustan er fjármögnuð úr sameiginlegum sjóðum landsmanna og hana á

að veita óháð búsetu eftir lögmálinu „fyrstur kemur, fyrstur fær“ eins og nú er.

Arnna Lára Jónsdóttir  
Oddviti Samfylkingarinnar í  
Norðvesturkjördæmi

# Minnispunktur um sextánda öldina



Danskur kóngur nær öllum yfirráðum á landinu.

Konungsvaldið þröngvaði landsmönnum til siðaskipta. Konungur rakaði til sín öllu því sem metið var til fjár. Hann sló eign sinni á land og helstu verstöðvar.

Stóriðómur var ofstækisfull lögjóf. Heilli kynslóð var hent út á andlegan berangur. Það var undirrot galdrahyggjunnar.

Jón Arason fékk til landsins prentsmiðju.

Kaþólska kirkjan kenndi að maðurinn frelsast af góðum verkum. Nefna má sælubú eða Kristbú. Spítali fyrir presta var í Gaulverjarbæ í Flóa. Vígt vatn var mikilvægt í trúarlífi landsmanna.

1515 er barist um Vatnsfjörð. Björn í Ögri átti í hörðum deilum við Stefán biskup. Kristján konungur var í fjárþröng og bauðst til að selja Ísland gegn ríflegu gjaldi. 1522 verður Ögmundur Pálsson nýr biskup í Skálholti, Hinrik áttundi hafnar í annað sinn að þiggja Ísland að veði, Hólastóll er mjög auðugur að löndum og lausum aurum.

Bú eru mjög mikil á norðlensku munkaklaustrunum. Forkunnar-fögur altarisbríki þrýðir Hólakirkju. Fjölmennasta þing í manna minnum var 1527. Siðaskiptabók er rituð á dönsku, Höfðingjasonur á Vestfjörðum eignast börn með tveim systurum sínum. Þeir sem mikils mega sín hafa fest kaup á vopnum. 538 fyrirskipar Kristján konungur afnám rómversrar á Íslandi. Munkur í Þingeyrar klaustri hefur tvíveigis fallið í barneign með sömu stúlkunni. Ögmundur biskup leggur til atlögu gegn kenningu Luters. Jón Biskup Arason hefur látið prenta guðspjöllin fjögur. Þau eru þýdd úr Vulgata. 1540 er íslensk þýðing Nýja testamentis prentuð í Danmörku. Kristófer Hvitfeldur hefur handtekið Ögmund biskup Pálsson. 1541. Íslendingar lúta tvenns konar lögum um trú. 1546 Sjálandsbiskup vill að Ísland verði „sannkristið“. Helgur kross í kirkjunni í Kaldaðar-nesi hefur verið tekinn niður, 1548. Jón biskup snýr sér til páfa Jón Arason fer með her manns í Dölum á Daða í Snoksdal 1548. Páfi heitir á Jón Arason að stand stöðugur í trúnni. 1550. Jón biskup Arason fer með her manns á Suðurland. 1550 Jón biskup Arason og synir hans handteknir á Sauðafelli. 1550. Hólaféðgar hálshöggur í Skálholti án dóm og laga. Voru þeir jarðaðir að korbaki.

Hrafn Arnarson

## Jökull á Issuu



Til að nálgast Jökul á netinu er hægt að skanna QR merkið hér að ofan með myndavélinni í símanum.



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is  
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



## Launafólk athugið

# DESEMBERUPPBÓT 2024

Félagsmenn Verkalýðsfélags Snæfellinga eiga rétt á desemberuppbót samkvæmt kjarasamningum. Desemberuppbót miðað við fullt starf er:

Starfsmenn á almennum markaði - 106.000 krónur. Greiðist eigi síðar en 15. desember  
Starfsmenn ríkisins - 106.000 krónur. Greiðist 1. desember ár hvert.  
Starfsmenn sveitarfélaga - 135.500 krónur. Greiðist eigi síðar en 1. desember.

**Members of the union Verkalýðsfélag Snæfellinga are entitled to a December bonus according to collective agreements. The December bonus according to a full time job is:**

Employees of the general labour market – 106.000 kr.  
Employees of the government – 106.000 kr.  
Employees of the municipality - 135.500 kr.



TÓNLISTARSKÓLI  
SNÆFELLSBÆJAR

## Jólatónleikar & Innritun

### *Jólatónleikar* *Tónlistarskóla Snæfellsbæjar*

verða haldnir sem hér segir:

**Mánudaginn 9. des. í Klifi kl.17:00**  
**Fimmtudaginn 19. des. á Lýsuhóli kl.14.00**

Jólatónleikar fullorðinna nemenda  
Tónlistarskóla Snæfellsbæjar verða  
**mánudaginn 2. desember**  
**í Ólafsvíkukirkju kl. 18:00.**

Foreldra- og styrktafélag Tónlistarskóla Snæfellsbæjar  
sér um sölu á kaffiveitingum  
eftir tónleikana 9. desember.

ATH.: ágóði af kaffisölu fer í styrktarsjóð  
til kaupa á hljóðfærum.

### Innritun í skólavistun Tónlistarskóla Snæfellsbæjar fyrir vorönn 2025

fer fram í Ólafsvík  
í desember.

Það er hægt að hringja í síma 433 9928  
eða senda tölvupóst: tonlistarskoli@snb.is

*Kennarar og skólastjóri óska öllum íbúum Snæfellsbæjar  
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*



# TRYGGJUM ÓLA SEM FYRIRLIÐA KJÖRDÆMISINS AUÐGUM ALÞINGI MEÐ KRÖFTUM AUÐAR

